



STARFSEMISUPPLÝSINGAR / UPPGJÖR
LANDSPÍTALA 2019

Umhyggja – Fagmennska – Öryggi – Framþróun

Framkvæmdastjórn frá 1. október 2019

Páll Matthíasson forstjóri

Ásta Bjarnadóttir framkvæmdastjóri mannauðsmála
Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri meðferðarsviðs
Hlíf Steingrímsdóttir framkvæmdastjóri aðgerðasviðs
Jón Hilmar Friðriksson framkvæmdastjóri þjónustusviðs
Ólafur Darri Andrason framkvæmdastjóri fjármála
Ólafur Baldursson framkvæmdastjóri lækninga
Sigríður Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar

ÚTGEFANDI: LANDSPÍTALI, SKRIFSTOFA FJÁRMÁLA

Ritstjóri: Elísabet Guðmundsdóttir, netfang: elisabeg@landspitali.is Ábyrgðarmaður: Helga H. Bjarnadóttir, netfang: helgab@landspitali.is

Efnisyfirlit

Inngangur forstjóra	5
Árið 2019 á Landspítala	8
Lykiltölur Landspítala	9
Jafnréttismál	10
Umhverfismál	12
Lykiltölur sviða	14
Klínísk þjónusta	15
Fæðingar	21
Skurðaðgerðir	22
Hjúkrunarálag	23
Gæðavísar LSH	24
Kennslu- og vísindastarf	31
Mannauður	32
Fjármál og rekstur	37
Fimm ára tölfræðilegt yfirlit	39

Á vef Landspítala (www.landspitali.is) er m.a. að finna erindi ársfunda, ársreikninga, ársskýrslur og starfsemisupplýsingar síðastliðinna 20 ára, eða allt frá árinu 2000.

Einnig er hægt að sjá starfsemistölu niður á starfseiningar í janúar-desember hefti hvers árs á vef LSH undir „beint að efninu“ og „spítalinn í tölum“.

Hlutverk Landspítala

Landspítali er þjóðarsjúkrahús Íslendinga og háskólasjúkrahús. Þar starfa um 5.900 manns og veitt er fjölbreytt, almenn og sérhæfð heilbrigðisþjónusta.

Landspítali er miðstöð menntunar, þjálfunar og rannsókna á sviði heilbrigðisvísinda þar sem markvisst er unnið að nýsköpun á grundvelli þekkingar.

Sjúklingurinn er ávallt í öndvegi

Framtíðarsýn

Landspítali er í fremstu röð háskólasjúkrahúsa.



Inngangur forstjóra


Starfsemi Landspítala var afar öflug árið 2019, samhliða virku vísindastarfi og fjölmörgum gæða- og úrbótaverkefnum. Á árinu var ráðist í umfangsmiklar og tímabærar skipulagsbreytingar, fyrstu verulegu breytingarnar í rúman áratug. Meginmarkmið breytinganna var að sníða skipulag starfseminnar og stjórnunarfyrikomulag að meginverkefnum spítalans og síbreytilegum þörfum samfélagsins. Framsetning talna hér á eftir er því með breyttu sniði sem tekur mið af nýju sviðaskipulagi.

Landspítali leggur metnað sinn í að gera almenningi og yfirvöldum grein fyrir starfsemi, rekstri og árangri þjóðarsjúkrahússins með reglulegri upplýsingagjöf. Hér fylgja tölulegar upplýsingar um helstu þætti í starfsemi spítalans árið 2019 auk upplýsinga um jafnréttismál, umhverfismál og gæðamál spítalans.

Ítarlegri upplýsingar um fjárreiður Landspítala í ársreikningi ásamt heildaryfirlit yfir vísindastarf á Landspítala má finna á www.lsh.is.

Landspítali þakkar fyrir árið 2019.

Páll Matthíasson, forstióri



STARFSÁÆTLUN 2020

LYKILÁHERSLUR

ÖRYGGISMENNING

- Öryggis- og umbótaþjálfun starfsfólks
- Fyrirbyggja helstu flokka atvika; sýkingar, byltur, lyfjaatvik og þrýstingssár



ÞJÓNUSTA

- Sjúklingar á réttu þjónustustigi
- Efla dag- og göngudeildir
- Efling hjúkrunar
- Auka þátttöku sjúklinga í eigin meðferð



MANNAUÐUR

- Bæta mönnun og vinnuskipulag
- Bæta aðbúnað starfsfólks
- Efla teymisvinnu og framfylgja samskiptasáttmála



STÖÐUGAR UMBÆTUR

- Þróa og innleiða heildstæða ferla, frá upphafi til enda
- Efla mennta- og vísindastarf



FJÁRHAGUR

- Sjálfbær rekstur



ÁRANGURSVÍSAR

Staðan
2019

Markmið
2020

ÖRYGGISMENNING

• Hlutfall starfsfólks sem hefur fengið öryggisþjálfun	32%	40%
• Fjöldi alvarlegra atvika	12	0
• Spítalasýkingar	6,2%	5,5%
• Byltur á 1.000 legudaga	5,0	4,5

ÞJÓNUSTA

• Hlutfall sjúklinga í bið > en 3 mánuði eftir aðgerð	49%	40%
• Fjöldi dvalardaga sjúklinga > en 24 klst á bráðamóttöku	8474	3500
• Meðallegutími, dagar - legur 30 daga eða skemur	4,7	4,7
• Hlutfall dagdeildaraðgerða	66,1%	68%
• Hlutfall hjúkrunarfræðinga á bráðalegudeildum	48%	60%
• Hlutfall sjúklinga sem fannst þeir hafðir með í ráðum varðandi útskrift sína skv. þjónustukönnun	58%	70%

MANNAUÐUR

• Starfsánægja (á kvarða 1-5)	3,9	4,2
• Hlutfall starfsfólks í 80% starfi eða meira	71%	74%
• Ánægja starfsfólks með aðbúnað (á kvarða 1-5)	3,3	3,7
• Ánægja starfsfólks með samskipti (á kvarða 1-5)	3,8	4,0


STÖÐUGAR UMBÆTUR

• Ánægja starfsfólks með stoðþjónustu (ekki klínisk) (á kvarða 1-5)	3,5	4,0
• Fjöldi birtra greina í ritryndum tímaritum	235	250
• Ánægja nema (á kvarða 1-5)	4,3	4,3

FJÁRHAGUR

• Rekstur í samræmi við fjárhagsáætlun	-5,6%	0,0%
--	-------	------

Árið 2019 á Landspítala




Lykiltölur Landspítala

Lykiltölur LSH

	2019	2018	Hlutfallsleg breyting
Klínísk þjónusta			
Fjöldi einstaklinga sem leituðu til LSH ¹⁾	111.605	111.082	0,5%
Fjöldi koma á allar bráðamóttökur	94.652	103.146	-8,2%
Komur á göngudeildir	252.642	236.728	6,7%
Komur á dagdeildir	88.337	86.364	2,3%
Fjöldi lega, sérgreinar	25.452	25.185	1,1%
Fjöldi legudaga, sérgreinar	219.227	220.050	-0,4%
Fjöldi „legudaga“ á bráðamóttöku (dvalir lengur en 24 klst.)	8.474	6.643	27,6%
Meðalfjöldi innliggjandi sjúklinga á dag á legudeildum	601	603	-0,4%
Hlutfall endurinnlagna innan 30 daga frá útskrift	11,1%	11,8%	-5,9%
Hlutfall sjúklinga í hjúkrunarþyngdaflokkum IV og V ²⁾	29,9%	26,2%	14,1%
Meðallengd sjúkrahúslegu, legur styttri en 6 mánuðir ³⁾	7,5	7,6	-0,8%
Skurðaðgerðir (án inndælinga lyfs í auga)	15.348	15.152	1,3%
Fæðingar	3.207	3.088	3,9%
Rannsóknir á rannsóknarsviði	2.638.543	2.530.695	4,3%
Öruggur spítali			
Skráð atvik sjúklinga	4.410	4.324	2,0%
- þar af alvarleg atvik	12	15	-20,0%
Skráð atvik starfsmanna	1.239	1.254	-1,2%
Starfsmenn			
Meðalfjöldi dagvinnustöðugilda starfsmanna ⁴⁾	4.574	4.221	8,3%
Fjöldi starfsmanna í upphafi árs	5.941	5.667	4,8%
Starfsmannavelta	14%	16%	-10,5%
Veikindahlutfall ⁵⁾	7,8%	7,3%	6,4%
Starfsánægja	3,9	4,0	-3,5%
Rekstrargjöld á verðlagi ársins 2019 ⁶⁾			
Rekstrargjöld, þar af	76.665	73.296	4,6%
Launagjöld	57.605	55.738	3,3%

1) Þetta eru einstaklingar sem margir hverjir komu oft á spítalann, en hver einstaklingur er hér einungis talinn einu sinni.
 2) Sjúklingar af 15 legudeildum lyf- og skurðlækninga flokkaðir í hjúkrunarþyngdaflokka frá I upp í V, þar sem V er þyngsti flokkurinn. 3) Hér er fyrir bæði árin birtur raunmeðallegutími þeirra sjúklinga sem hafa útskrifast frá áramótum, talið frá innskriftardegi til útskriftardags, án útlaga (m.v. legulegninga 6 mán). Langlegusjúklingar hafa í gegnum tíðina haft nokkur áhrif til hækkunar á meðallegutíma á spítalanum. Þar sem meginþorri lega er styttri en 6 mánuðir er meðallegutími þess hóps birtur hér. 4) Greidd stöðugildi starfsmanna LSH, án barnsburðarleyfa, foreldraorlofs og launalausra leyfa. 5) Öll veikindi starfsmanna, með eða án launa. 6) Í milljónum króna, á föstu verðlagi 2019, án afskrifta varanlegra rekstrarfjármuna og án fjármagnsliða.



Jafnréttismál

Jafnlaunavottun

Landspítali fékk jafnlaunavottun í febrúar 2020, í kjölfar ítarlegrar skoðunar af hálfu vottunarfyrirtækisins Versa vottun. Grunnkröfur starfa á Landspítala voru metnar út frá kerfi sem byggir á starfsmatskerfi breska heilbrigðiskerfisins, NHS, sem hefur verið aðlagð íslenskum aðstæðum. Umfangsmikil undirbúningsvinna var unnin á árinu 2019 og fólst m.a. í því að yfir 800 starfsmenn spítalans tóku þátt í að meta störf sín eftir þessu tiltekna starfsmatskerfi og var matið síðan staðfest af stjórnendum. Starfsmatið sem liggur fyrir nær til meira en 200 starfsheita sem dreifast á 194 starfseiningar á Landspítala.

Niðurstöður launaúttektar sem byggði á tölum í október 2019 sýna í heildina óverulegan kynbundinn launamun á Landspítala. Búið er að skilgreina umbótaverkefni þessu tengd sem unnin verða á árinu 2020. Meðal þessara verkefna er að ljúka útlagagreiningu, vinna að skýrari starfsheitum nokkurra hópa, samræma auglýsingar og launasetningu og vinna áfram í skráningu launaðra þátta s.s. menntunar og endurskoða fasta yfirvinnu. Auk þess er stefnt að því að uppfæra starfsmatskerfið á næsta ári og að auka fræðslu til stjórnenda um jafnlaunamál. Jafnlaunastefnu Landspítala má finna á www.landspitali.is en nánari upplýsingar um niðurstöður jafnlaunavinnu ársins 2019 er að finna á innri vef Landspítala, á svæði jafnlaunakerfis.

Jafnréttismál

Jafnréttisnefnd Landspítala hefur verið virk á árinu og hefur hún unnið samkvæmt framkvæmdaáætlun sem gefin var út fyrir árið. Meðal þátta sem jafnréttisnefndin hefur skoðað er að skoða ýmsa tölfræði með kynjagleraugum, og að skoða birtingarmyndir kynjanna í innra umhverfi spítalans.

Kynjagleraugun á tölfræði um störf






Eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti er hlutfallsleg kynjaskipting starfsmanna Landspítala ójöfn þannig að karlar eru í miklum minnihluta, en þeir eru um 20% starfsmanna. Þegar kynjaskipting stærstu heilbrigðisstéttanna innan spítalans er skoðuð kemur í ljós að karlar eru 53% lækna, 4% hjúkrunarfræðinga og 5,8% sjúkraliða. Karlar eru 11% geislafræðinga, 2% lífeindafræðinga, 15,4% sjúkráþjálfara og 15,4% lyfjafræðinga. Enginn karl er ljósmóðir. Ísland er líklega meðal þeirra landa í heiminum sem hafa lægst hlutfall starfandi karlkyns hjúkrunarfræðinga. Kynjaskipting nemenda í heilbrigðisgreinum endurspeglar að mestu kynjaskiptingu starfsmanna Landspítala, nema hjá læknanemum en karlar eru nú 40,9% læknanema á Íslandi. Aðeins 5% hjúkrunarnema eru karlar og 3,7% sjúkraliðanema. Jafnréttisnefnd Landspítala telur líklegt að hlutfall karla sem starfa í heilbrigðiskerfinu muni lækka í nánustu framtíð þar sem konur leita í auknum mæli í störf sem áður voru talin karlastörf en karlar leita ekki í störf sem áður voru talin kvennastörf.

Önnur tölfræði í þessari útgáfu starfsemissupplýsinga sem nú er birt með kynjaskiptingu samkvæmt framkvæmdaáætlun jafnréttismála eru yfirlit stjórnunarstarfa, meðalstarfshlutfall, veikindahlutfall og fjarvistir vegna veikinda barna.

Innra umhverfi - kynjaskipting í listaverkum á Landspítala

Eitt af því sem jafnréttisnefnd hefur skoðað er hvernig kynin birtast í málverkum og brjóstmyndum innan spítalans. Í því sambandi skoðaði nefndin fyrirliðgjafi lista yfir skráð listaverk á spítalanum, hverjir eru á þeim og eftir hverja þau eru. Í ljós kom að 29 myndverk eru til af nafngreindum körlum en aðeins 8 af nafngreindum konum. Meira jafnræði er hjá listamönnum sem eiga skráð verk í Listasafni Landspítala, en 40% verka þar eru eftir konur, 55% eftir karla og 5% eftir óþekktu listamenn.

Upplýsingar um jafnréttisstefnu Landspítala og framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum er að finna á www.landspitali.is.



GRÆNT BÓKHALD LANDSPÍTALA 2019



ÞAÐ HELSTA AF ÁRANGRI Í UMHVERFISMÁLUM

Frá árinu 2012 hefur markvisst verið unnið að þeirri sýn Landspítala að vera til fyrirmyndað í umhverfismálum og hafa samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi við ákvarðanatöku og í daglegu starfi. Sérstök áhersla hefur verið á loftslagsmarkmið 2016-2020, metnaðarfull markmið um að draga úr losun CO₂ um 40% á tímabilinu. Árið 2019 voru stigin stór skref í að draga úr losun.



Nýja hjólaskýlið við Barónsstíg.



Tvöföld gríma fyrir glöðloft í eyðingarbúnað.

SAMGÖNGUPAKKI

í boði fyrir starfsmenn Landspítala

EFNIR VILJA SAMGÖNGUFRÁHAGNA:

- Áhersla á stöðugt samgöngufyrirbætur 2020 til fjögurra fjórðunga samgönguþjónu og 10% stöðubætur til starfsmenn Landspítala á ári.
- Tær þrjú samgönguvalgarnir eru:
 - Zipcar
 - Ókeypis bíll (200 km árið) með vaxandi fjölda bílla (200 km árið) sem er notaður til að tryggja samgöngu
 - Ókeypis bíll (200 km árið) með vaxandi fjölda bílla (200 km árið)
- Áhersla á stöðugt samgöngufyrirbætur 2020 til fjögurra fjórðunga samgönguþjónu og 10% stöðubætur til starfsmenn Landspítala á ári.


Stærð myndarinnar er 100% af Landspítali

HEIMSMARKMIÐ

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem tekið er mið af í starfsáætlun umhverfismála Landspítala.



ÁRANGUR SAMGÖNGUPAKKA EFTIR AÐ TILBOÐ HÓFST



- 2011**
 - Verkefni: Umhverfisstærð
- 2012**
 - Verkefni:
 - Umhverfisstjóri ráðinn
 - Umhverfisstærð stofnuð
 - Umhverfisstofna og starfsáætlan samskipuð
 - Hætt með einnota plastfyrirbrotum í þvottahúsi
 - Sérsmædd hjólabúgar
 - Grænt bókhald lýnt
- 2013**
 - Verkefni:
 - Skipt verkgang um spólfísi og ehæmþendukn
 - Fyrsta umhverfiskort í aðbú
 - Víðiræðingar og veltanir:
 - Víðiræðingar fyrir samgönguáttak hjólabúgarborg og félagsmáttakun hjólabúgarborgu
- 2014**
 - Verkefni:
 - Innleiðing á poppsifilskökun
 - Hætt með einnota frakka í matstúkun
 - Samgöngupakk - samgöngusamningar - bætt aðbúnaðskil hjólabúgar borgsmanna
 - Fyrsta íslan í aðbú um hjólabúgar áan PVC
 - Víðiræðingar og veltanir:
 - Víðiræðingar fyrir samgönguáttak hjólabúgarborg og félagsmáttakun hjólabúgarborgu
- 2015**
 - Verkefni:
 - Innleiðing á plastfílaskökun
 - Endurvíska á teiti heit
 - Lífsmáttakun í öllum matstúkun frá ekkilsi og lóttun sjúklinga
 - Víðiræðingar og veltanir:
 - Sermsættun ekkilsi og matstúkun
 - Umhverfisstærðun umhverfisstærðun, Kofungarinn
- 2016**
 - Verkefni:
 - Færðkerfið stofnuð „Umhverfisstærð Landspítala“
 - Loftslagsmarkmið um 40% minni CO₂ losun Landspítala
 - 50% endurvíska
 - Bíllbanki sáttur og ökkur frakkaöskun og kofungun
 - Landspítali gerist félagi í Health Care Without Harm and Nordic Center for Sustainable Healthcare.
 - Víðiræðingar og veltanir:
 - Hjólavéttun 10 starfsmanna - sáttur
- 2017**
 - Verkefni:
 - Spuglóst áan PVC
 - Hætt að kappu frakkaöskun
 - Vattun - allt rafvagn hjólabúgar
 - 3 Zipcar við Hringbraut
 - Hætt notkun á vortöku
 - Skuldburðar áan PVC og lóttun
 - Hjólaköpi í Föngi
 - Víðiræðingar og veltanir:
 - Víðiræðing sem „Sustainable healthcare organizer of the year“ by NCSI
 - Tilværing til umhverfisstærðun Norðurlandshóla
- 2018**
 - Verkefni:
 - Hjólavéttun á Landspítali, Kjöppi og í Föngi
 - Zipcar í Föngi
 - Notkun heit á plastgjósum
 - Einnota umboðun í matstúkun eingöngu frá plönnuðun
 - Fyrri rafhlöðun keyptur
- 2019**
 - Verkefni:
 - Hætt notkun á ekkilsi
 - Gleðisvæðing hjólabúgar
 - Nýr samgöngupakk - strakti á hjólabúgar og heit hjólabúgar
 - Hjólaköpi við Hringbraut




LOFTSLAGSÚRBÆTUR – BETRI FRAMTÍÐ

Kolefnisspor vegna starfsemi Landspítala í losun frá 2018 til 2019 varð 3.964 tonn CO₂. Frábær árangur náðist á árinu en samdráttur í losun frá 2018 til 2019 var 17,4%. *

- Glaðloft og svæfingargös** – komið var upp eyðingarbúnaði fyrir glaðloft á kvennadeild sem er ein stærsta aðgerð spítalans til að draga úr losun eða um 20%.
- Akstur starfsmanna í og úr vinnu** – þrátt fyrir aukningu í heildarlosun CO₂ ígilda vegna ferða starfsmanna í og úr vinnu hefur markmiði verið náð um losun/stöðugildi. Tvö ný aðgangsstýrð hjólaskýli voru tekin í notkun við Hringbraut fyrir um 90 hjól. Metnaðarfullt verkefni um niðurgreidd árskort í strætó þrefaldaði fjölda starfsmanna sem ferðast reglulega með með strætisvögnum (sjá línurit). Innstigs-/útsstigmælingar Strætó sýndu 18% aukningu við Hringbraut. Alls nota 81% starfsmanna með árskort strætó daglega með tilheyrandi fjölgun á samgöngusamningum yfir vetrarmánuðina og umtalsvert minni losun CO₂ og svifryks vegna færri bíla starfsmanna.
- Gufuframleiðsla ketilhúss** – önnur stór aðgerð á árinu var að hætta að nota oliuketil við Hringbraut með tilheyrandi úrbótum í eldhúsi. Frá maí 2019 er engin losun frá katlínunum.
- Flugferðir** – losun vegna flugs starfsmanna dróst saman um 14% sem er góður viðsnúningur enda hluti af sparnaðaraðgerðum spítalans.
- Akstur starfsmanna á eigin bíl** – dróst saman á einu ári um 13%.
- Akstur bíla spítalans** – jókst um 2% þrátt fyrir að örlitil aukning væri í hlut vistvænni bíla.
- Leigubílanotkun** – jókst á einu ári um 6%.
- Gufuframleiðsla Tunguháls** – bílun í þvottahúsi olli 123% aukinni oliunotkun varaketils miðað við eitt ár.
- Akstur matar og lins** – aukning er frá fyrra ári en hluti skýringar er aukid umfang starfsmannar, m.a. bættist við sjúkrahótel og skrifstofuhúsnæði við Skaftahlíð.
- Úrgangur** – mikil aukning í urðun úrgangs sem jók losun CO₂ vegna úrgangs um 26% á árinu. Endurvinnsla í almennum rekstri fór niður í 25% og í 21% í framkvæmdaúrgangi með tilheyrandi aukningu í kolefnisspori spítalans. Ástæður eru m.a. breytingar og nýjar aðferðir í eldhúsi sem leiddu til þess að söfnun á lifrænum úrgangi riflega þrefaldaðist. Nýja aðferðin kallar á aðra lausn í losun og vinnslu sem enn er ekki til staðar hér á landi. Unnið er að henni. Á meðan ekki hefur fundist lausn hefur lifrænn úrgangur frá eldhúsi farið í urðun. Lifrænn úrgangur frá matsölum hefur þó farið í jarðgerð eins og áður. Fara þarf betur yfir verklag og flokkun við framkvæmdir til að bæta endurvinnsluhlutfall.
- Raforka** - heldur áfram að dragast saman eða um 5% á einu ári.





KOLEFNISSPOR LANDSPÍTALA - UPPSPRETTUR - tonn CO₂ (CO₂ ígildi)





Kolefnisspor Landspítala er mælikvarði á heildarlosun gróðurhúsalofttegunda vegna starfsmannar.




*Notaðir eru sömu stuðlar í útreikningi á losun úrgangs og fyrr ári.

Lykiltölur sviða







Fjöldi lega eftir yfirsjúkdómaflokkum DRG-kerfis (Diagnosis Related Groups)




Meðallegutími sjúklinga (dagar) (legur < 30 dagar)




Rúmafjöldi í árslok




Tegundir innlagna á legudeildir Landspítala




Legur kjarna eftir legulengd - 2019



Afdrif legusjúklinga við útskrift




Legur útskrifaðra eftir legulengd - 2019



Meginþorri lega á LSH árið 2019 var hjá aldurshópnum 50 ára og eldri

(legur tengdar meðgöngu og fæðingu undanskildar)




Búseta sjúklinga LSH

Hér sést búseta sjúklinga sem leituðu til LSH árið 2019, skipt eftir heilbrigðisumdæmum. Fyrri talan í töflum sýnir fjölda einstaklinga sem komu á LSH en seinni talan segir hve stór hluti íbúa í heilbrigðisumdæminu fékk þjónustu á LSH (einu sinni eða oftar). Hlutfallstala fæðinga er miðuð við konur á aldrinum 18 til 45 ára sem voru búsettar í umdæminu.

Vestfirðir		
Legur	195	3,1%
Dag- og göngudeildir	957	15,4%
Bráðamóttökur	204	3,3%
Fæðingar	29	2,7%

Norðurland		
Legur	509	1,4%
Dag- og göngudeildir	2.656	7,3%
Bráðamóttökur	565	1,6%
Fæðingar	17	0,3%



Vesturland		
Legur	599	3,2%
Dag- og göngudeildir	3.496	18,9%
Bráðamóttökur	937	5,1%
Fæðingar	26	0,8%

Höfuðborgarsvæðið		
Legur	12.893	5,6%
Dag- og göngudeildir	64.835	28,4%
Bráðamóttökur	42.663	18,7%
Fæðingar	2.604	5,8%

Austurland		
Legur	237	2,2%
Dag- og göngudeildir	1.274	11,9%
Bráðamóttökur	257	2,4%
Fæðingar	16	0,9%




Suðurnes		
Legur	1.046	3,9%
Dag- og göngudeildir	5.411	20,0%
Bráðamóttökur	2.193	8,1%
Fæðingar	211	3,9%

Suðurland		
Legur	1.366	4,6%
Dag- og göngudeildir	6.163	20,7%
Bráðamóttökur	1.846	6,2%
Fæðingar	262	4,8%

Ósjúkratryggðir og erlendir ríkisborgarar	
Legur	726 -
Dag- og göngudeildir	657 -
Bráðamóttökur	2.104 -
Fæðingar	34 -





Bráðamóttökur

Á bls. 19 má sjá í hvaða heilbrigðisumdæmi sjúklingar sem koma á bráðamóttökur LSH búa.






Fæðingar

Yfir 70% fæðinga á Íslandi eru á Landspítala. Á bls. 19 má sjá skiptingu þeirra eftir búsetu móður.




Skurðaðgerðir




Hjúkrunarálag


Hjúkrunarálag er mælt daglega á 15 legudeildum lyflækningasviðs og skurðlækningasviðs auk endurhæfingardeildar og bráðaöldrunarlækningadeildar

Á myndinni má sjá aukningu á sjúklingum í þyngrri flokkum.



Gæðavísar LSH og dæmi um klínísk umbótaverkefni






Í lok ársins 2011 var sett af stað gæðaverkefni á Landspítala með það að markmiði að fækka 3. og 4. gráðu spangarrifum við fæðingar. Fólst það í því að innleiða þekkta aðferð sem víða var notuð við fæðingar áður fyrr en hafði lagst af á Norðurlöndum, nema í Finnlandi. Norðmenn innleiddu þessa aðferð á þarsíðasta áratugi og náðu með henni að lækka tíðni alvarlegra spangarrifa úr 4-5% í 1-2%.

Fylgst er með árangri af breyttu vinnulagi og stefnt að svipuðum árangri og náðst hefur í Noregi. Gera má ráð fyrir því að aðstæður á Landspítala líkist aðstæðum í Noregi nema meðalfæðingarþyngd barna á Íslandi er heldur hærri eða um 3.800 gr. en um 3.500 gr. á þeim stöðum sem hafa innleitt handtökin í Noregi. Frá því að gæðaverkefnið fór af stað hefur tíðni alvarlegra spangarrifa lægst verið 3,3% árið 2014. Frá 2014 hefur tíðnin aftur farið hækkandi og var hæst árið 2018 eða 4,9%. Norskar samanburðartölur eru ekki aðgengilegar og því eru hér birtar tölur frá Svíþjóð til samanburðar.

Hlutfallið lækkaði niður í 4,2% 2019, en haustið 2019 var aftur farið af stað með fræðslu og þjálfun fyrir starfsfólk með því markmiði að ná tíðninni niður fyrir 3%.



Tími (miðgildi) frá komu sjúklings með hjartadrep með ST hækkun á bráðamóttöku, þar til kransæðavíkkun hefst á Landspítala (door to needle time), er tæpar 40 mínútur og hefur verið að stytta undanfarin ár. Hefur tekist að halda þessum árangri þrátt fyrir að hjartaþræðing sé ekki staðsett í sama húsnæði og bráðamóttakan. Með góðu samstarfi við starfsfólk sjúkraflutninga er leitast við að flytja sjúklinga með hjartadrep með ST hækkun beint í hjartaþræðingu, án viðkomu á bráðamóttöku. Samkvæmt Evrópska hjartasjúkdómafélaginu (European Society of Cardiology) er viðmiðunartíminn < 60 mínútur frá því að sjúklingur kemur á sjúkrahús (með aðstöðu til hjartaþræðingar) þar til byrjað er að víkka lokaðar kransæðar („door to balloon time“). Á Landspítala líða að jafnaði tæplega 20 mínútur frá því að kransæðavíkkunaraðgerð hefst þar til byrjað er að víkka lokaðar kransæðar, sem gerir miðgildi fyrir „door to balloon“ tæpar 60 mínútur. Landspítali er því rétt innan við 60 mínútna viðmiðunartíma Evrópska hjartasjúkdómafélagsins.



Eins og sést á myndinni fer tæplega 3/4 hluti sjúklings á Landspítala í kransæðavíkkun (vegna hjartadreps með ST hækkun) innan 60 mínútna frá komu á bráðamóttöku. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu ár.

Á Landspítala er stöðugt unnið að því að bæta verkferla og vinnulag með það að markmiði að stytta tímann frá því að sjúklingar með hjartadrep með ST hækkun koma á spítalann þar til kransæðavíkkunarmeðferð hefst.

Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾

	2019				2018		2017	
	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendur samanburður, nýjustu tölur		Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Öryggismenning:				Ár				
Fjöldi skráðra alvarlegra atvika	12	-	-	-	16	-	14	-
Skráð óvænt andlát í atvikaskrá	20	-	-	-	17	-	20	-
Skráð byltuatvik pr. 1.000 legudaga ³⁾	4,5	-	-	-	6,4	-	5,9	-
Skráð lyfjaatvik á legudeildum pr. 1.000 legudaga	2,0	-	-	-	1,8	-	1,8	-
Skráð legusár á legudeildum pr. 1.000 legudaga - í vinnslu	-	-	-	-	-	-	-	-
Handhreinsun, fylgni við verklagsreglur (mælt á 17 deildum) ⁴⁾	-	78%	-	-	-	80%	-	78%
Spítalasykingar og sýkingavarnir ⁵⁾ - algengiskráning								
Blóðsýkingar, nýgengi pr. 100.000 legudaga - í vinnslu	-	-	-	-	235	-	227	-
Skurðsárasýkingar og legsýkingar eftir keisaraskurð	-	5,9%	-	-	-	5,9%	-	5,2%
Hlutfall sjúklinga sem fengu spítalasykingu af heildarfjölda innliggjandi sjúklinga ⁶⁾	-	6,2%	3,5%	2018	-	6,0%	-	5,8%
<i>hlutfall þvagfærasykinga af öllum spítalasykingum</i>	-	26%	-	-	-	35%	-	26%
<i>hlutfall öndunarfærasykinga af öllum spítalasykingum</i>	-	24%	-	-	-	24%	-	33%
<i>hlutfall blóðsýkinga af öllum spítalasykingum</i>	-	13%	-	-	-	12%	-	10%



1) Tölur eru unnar í nánu samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Útilokun eru föll á legudeildum geðsviðs, kvenna- og barnasviðs og öllum dag -og/eða göngudeildum skv. ákvörðun gæðadeilda. Þetta er til að gera erlendan samanburð mögulegan. Markmið LSH árið 2018 var 4,6. 4) Handhreinsunarverkefnið "Með hreinum höndum": Fylgni við handhreinsun skv. hinum 5 tilfnum WHO mæld reglubundið með athugun. <http://www.who.int/gpsc/5may/background/5moments/en/>. 5) Fjöldi sjúklinga með spítalasykingu/fjölda innliggjandi sjúklinga á lyf- og skurðlækningasviði þar sem skráning fer fram. Tilvik talin fjórum sinnum á ári og meðaltal reiknað. 6) Erlendur samanburður er við Noreg. Tekið af netsíðunni: <https://fhi.no/hn/helseregistre-og-registre/nois/resultater/resultater-sykehus/>.



Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾

	2019				2018		2017	
	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendir samanburður, nýjustu tölur		Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Þjónustukönnun, nokkrar útkomur:				Ár				
Aðgerðasvið og meðferðarsvið, án barna- og geðdeilda								
Heildarupplifun sjúkráðslegu ¹⁾	8,45	-	7,99 ⁴⁾	2018	8,25	-	8,33	-
Samráð við sjúklinga um útskrift	-	58%	53%	2018	-	53%	-	55%
Hlutfall sjúklinga sem fékk skriflegar útskriftarleiðbeiningar ²⁾	-	70%	60%	2018	-	72%	-	62%
Gæði verkjameðferðar ³⁾	-	87%	-	-	-	85%	-	84%
Barnaeildir								
Heildarupplifun sjúkráðslegu ⁷⁾	8,27	-	-	-	7,94	-	8,48	-
Framkoma af virðingu ⁶⁾	-	77%	-	-	-	78%	-	86%
Gæði verkjameðferðar ⁵⁾	-	68%	-	-	-	92%	-	72%
Þjónusta:				Ár				
Bráðar endurinnlagnir innan 30 daga frá útskrift af legudeild	-	11%	-	-	1.919	12%	2.095	12%
Meðallegutími í dögum (án útlaga mv 30 daga)	4,7	-	-	-	4,8	-	4,9	-
Bráðamóttaka Fossvogi								
tími frá komu að fyrsta meðferðar/greiningaaðila	<15 mín	-	-	-	<15 mín	-	<15 mín	-
meðalvalartími á bráðamóttöku Fv. í klst., komur án innlagnar (ambulant)	4,8	-	-	-	4,4	-	4,1	-
bið á bráðamóttöku, hlutfall innlagna innan 6 klst. frá komu	-	27%	-	-	-	27%	-	29%
hlutfall endurkomu á bráðamóttöku í Fossvogi innan 72 klst.	-	7%	-	-	-	7%	-	7%
fjöldi „legudaga“ á BMT (komur lengri en 24 klst.)	8.474	-	-	-	6.643	-	4.772	-



1) Spurt var: "Þegar á heildina er lítið, hver var reynsla þín í síðustu innlögn (gefin einkunn á kvarðanum 0 til 10, þar sem 0 var "Reynsla mín var mjög slæm" og 10 "Reynsla mín var mjög góð". 2) Spurt var: "Áður en þú fórst af spítalanum, fékkstu afhentar einhverjar skriflegar upplýsingar um hvað þú ættir að gera eða mættir ekki gera eftir útskrift af spítalanum." Birt hlutfall þeirra sem svöruðu játandi. 3) Spurt var: "Þegar á heildina er lítið, hvernig var verkjameðferðin sem þú fékkst." Hér er sýnt hlutfall þeirra sem töldu meðferðina nægjanlega. 4) Samanburður við NHS á Englandi. <https://www.cqc.org.uk/publications/surveys/surveys> 5) Spurt var: "Heldur þú að starfsfólk spítalans hafi gert allt sem það gat til að draga úr verkjum barnsins?" Hér er sýnt hlutfall þeirra sem svöruðu "Já, algjörlega". 6) Spurt var: "Fannst þér komið fram við þig og barnið af virðingu á meðan barnið var á spítalanum?". Hér er sýnt hlutfall þeirra svöruðu "Já, alltaf". 7) Spurt var: "Þegar á heildina er lítið hver var reynsla þín í síðustu innlögn (gefin einkunn á kvarðanum 0 til 10, þar sem 0 var "Reynsla mín var mjög slæm" og 10 var "Reynsla mín var mjög góð".



Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾

	2019				2018		2017	
	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendur samanburður, nýjustu tölur	Ár	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Hjartalækningar:								
Kransæðapræðing, andlát í legu innan 30 daga eftir valaðgerð	0	0,0%	0,01% ³⁾	2019	0	0,0%	0	0,0%
Kransæðavíkkun, andlát í legu innan 30 daga	11	1,4%	-	-	8	1,1%	19	2,3%
Kransæðavíkkun v. hjartadreps með ST-hækkun, mínútur (miðgildi) frá komu til víkkunar ^{4) 5)}	38 mín.	-	-	-	39 mín.	-	42 mín.	-
Hlutfall kransæðavíkkana v. hjartadreps með ST-hækkun, framkvæmt innan 60 mín. ⁵⁾	-	71,2%	-	-	-	72,2%	-	73,0%
Kransæðahjáveituaðgerðir, andlát í legu innan 30 daga	1	1,7%	0,7% ³⁾	2019	1	1,6%	4	6,7%
Hjartadrep, andlát í legu innan 30 daga, þar af ⁶⁾	18	3,6%	4,3% ³⁾	2019	13	2,8%	12	2,4%
með ST hækkun á hjartalínuriti	12	5,8%	-	-	10	5,6%	7	3,7%
án ST hækkana á hjartalínuriti	6	2,1%	-	-	3	1,0%	5	1,6%
Hjartabilun, andlát í legu innan 30 daga	39	7,6%	11,5% ⁷⁾	2017	47	9,7%	49	11,2%
Taugalækningar								
Heilaslag, andlát í legu innan 30 daga, þar af	19	7,2%	13,9% ⁸⁾	2018	34	11,8%	28	10,2%
v. heilaslags/blóðtappa	9	4,2%	-	-	25	10,8%	19	8,5%
v. heilaslags/heilablæðingar	10	19,6%	-	-	9	16,4%	9	17,6%



1) Tölur eru unnar í nánú samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Svíþjóð: Tölur úr Swedeheart gagnagrunni. Annual report. 4) Door to needle time. 5) Áður borið saman við tölur úr Swedeheart gagnagrunni, en tölur ekki samanburðarhæfar lengur vegna breyttrar skráningar í Svíþjóð. 6) Hjartastopp með í þessum tölum ef það er vegna hjartadreps, annars ekki. 7) Hjartabilun: USA, Brigham and Women's Hospital; Quality of Patient Care. <http://www.brighamandwomens.org>. 8) Tölur af vef Socialstyrelsen. https://sdb.socialstyrelsen.se/ff_stroke/val.aspx.



Klínískir gæðavísar á LSH ¹⁾



	2019				2018		2017	
	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Erlendur samanburður, nýjustu tölur		Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾	Landspítali, fjöldi ²⁾	Landspítali, hlutfall ²⁾
Fæðinga- og kvensjúkdómalækningar				Ár				
Spangarklipping ³⁾	338	12,8%	-	-	269	10,6%	194	7,9%
Spangarrifur III eða IV gráða, þar af ³⁾	111	4,2%	2,6% ⁴⁾	2018	124	4,9%	114	4,7%
<i>án áhaldafæðinga</i>	83	3,5%	-	-	88	3,9%	79	3,7%
Keisaraskurðir, þar af	567	17,7%	17,3% ⁴⁾	2018	538	17,4%	543	18,2%
<i>bráðakeisaraskurðir</i>	358	11,2%	-	-	319	10,3%	329	11,0%
Sogklukku - og tangarfæðingar, þar af ³⁾	269	10,2%	6,0% ⁴⁾	2018	280	11,0%	281	11,5%
<i>sogklukkufæðingar</i>	256	9,7%	-	-	266	10,4%	264	10,8%
<i>tangarfæðingar</i>	13	0,5%	-	-	14	0,5%	17	0,7%
Fyrirburafæðingar	240	7,5%	5,5% ⁴⁾	2018	231	7,5%	202	6,8%
Burðarmálsaði ⁵⁾	14	0,4%	0,5% ⁴⁾	2018	11	0,4%	16	0,5%

1) Tölur eru unnar í nánú samstarfi við gæðadeild LSH. 2) Athygli skal vakin á því að þar sem um er að ræða mjög fáa einstaklinga eru hlutföll illa marktæk til samanburðar milli ára og við önnur lönd. 3) Áður birt hlutfall af fyrirhuguðum fæðingum um leggöng (fæðingar um leggöng og bráðakeisarar) en nú birt hlutfall af fæðingum um leggöng eingöngu. 4) Samanburður við Svíþjóð (bráðabirgðatölur), byggt á tölum af vef Socialstyrelsen: https://sdb.socialstyrelsen.se/ff_mfr_004/val.aspx. 5) Börn dáið á fyrstu viku eða andvana fædd börn > 22 vikur eða 500 g.




Skráning sjúkdómsgreininga og meðferða á legudeildum og dag- og göngudeildum

Rétt og tímanleg skráning er mikilvægt öryggisatriði






Kennslu- og vísindastarf – kemur síðar

Alls stunduðu 1.506 nemendur nám í heilbrigðisvísindum á Landspítala árið 2019, þar af 446 háskólanemar á framhaldsstigi.






*Í sumum nemahópum fækkaði nemendum milli ára en einnig eru dæmi um að námskeið hafi færst frá haustönn yfir á vorönn.




* Áður birt tala yfir innlenda styrki árið 2016 var röng og er leiðrétt hér.

Mannauður

Í kaflanum „jafnréttismál“ á bls. 10 og 11 má einnig finna margvíslegar mannauðsupplýsingar eftir kyni.






Greidd stöðugildi á Landspítala, meðaltal á mánuði árið 2019 - hlutfallsleg skipting eftir stéttarfélögum -



Starfsmannavelta og fjöldi starfsmanna og ársverka eftir stéttarfélögum ¹⁾



	Meðalfjöldi stm.		Mismunur milli ára	Kyn (2019)		Meðaltal greiddra stg.		Stm. velta 2019 ²⁾
	2019	2018		kk	kvk	2019	2018	
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga	1.553	1.520	33	56	1.498	1.199	1.171	10,2%
SFR - stéttarfélag í almannajónustu	1.292	1.228	63	343	949	924	886	22,8%
Læknafélag Íslands	694	668	26	362	332	564	546	7,0%
Sjúkraliðafélag Íslands	577	578	-1	33	544	397	404	15,8%
Efning stéttarfélag	426	381	44	79	347	316	284	22,0%
Félag lífeindafraeðinga	153	156	-3	1	152	129	132	10,4%
Félag íslenskra náttúrufræðinga	121	118	3	23	98	104	100	12,0%
Ljósmeðrafélag Íslands	137	142	-4	0	137	94	95	6,2%
Fræðagarður	117	100	17	27	90	99	84	14,7%
Félag geislafræðinga	87	82	6	10	78	77	71	9,1%
Sálfræðingafélag Íslands	80	73	8	16	64	67	60	7,5%
Skurðlæknafélag Íslands	77	77	1	67	11	55	53	0,0%
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	52	52	-1	20	32	51	51	16,5%
Félag sjúkrabjálfa	61	61	0	10	51	49	52	18,5%
Félagsráðgjafafélag Íslands	51	48	2	0	50	46	42	31,1%
Iðjupjálfafélag Íslands	39	43	-4	0	39	34	39	25,6%
Lyfjafraeðingafélag Íslands	38	31	7	6	32	35	29	14,8%
Verkfraeðingafélag Íslands	32	27	5	17	15	30	25	7,3%
Iðnaðarmenn	18	19	-1	17	1	17	18	37,5%
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar	19	23	-4	3	16	14	18	11,1%
Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar háskólamenn	19	20	-1	1	18	14	15	5,4%
Félag iðn- og tæknigreina	8	7	2	7	1	8	6	0,0%
Þroskajálfafélag Íslands	8	10	-2	1	7	5	7	46,2%
Stéttarfélag bókasafns og upplýsingafræðinga	5	5	0	0	5	4	5	0,0%
Aðrir (kjaranefnd, verkstjórar, utan félaga o.fl.)	29	28	1	21	8	29	27	0,0%
Samtals	5.694	5.499	195	1.120	4.574	4.362	4.221	14,3%
Heildarfjöldi starfsmanna á LSH (hver starfsmaður talinn einu sinni) ³⁾	5.682	5.489	193					

1) Meðalfjöldi starfsmanna sem fengu greidd laun á árinu, meðtalið t.d. fólk með tímabundna ráðningu, í starfsnámi og afleysingum. Undanskildir eru stm. í barnsburðarleyfi, foreldraorlofi eða launalaus leyfi. 2) Starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall starfsmanna sem hættu störfum á árinu af meðalfjölda starfsmanna (starfsmenn í virku starfi með ótímabundna ráðningu á tímabilinu). 3) Nokkrir starfsmenn voru í tveimur stéttarfélögum bæði árin og eru því taldir oftár en einu sinni í samtölum.



Veikindahlutfall starfsmanna 2016-2019

Fjarvera vegna veikinda starfsmanna er reiknuð og birt sem hlutfall af stöðugildum



Skammtíma veikindi: 1-7 dagar samfelld veikindi (vika). Meðallöng veikindi: 1-56 dagar samfelld veikindi (2 mán). Langtíma veikindi: samfelld veikindi lengur en 57 dagar (>2mán).


Fjármál og rekstur

Árið 2019	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun tímabils	Frávik	
Tekjur:				
Rekstrarframlag ríkisins	65.306.667	65.306.667	0	0,0%
Tekjufært fjárfestingarframlag	393.190	393.190	0	0,0%
Frestaðar tekjur v. afskrifta eldri varanlegra rekstrarfjármuna	656.599	656.599	0	0,0%
Rekstrartekjur ¹⁾	8.740.737	8.354.902	385.835	4,6%
S-merkt lyf, dag og göngudeildir	4.116.072	4.164.602	(48.530)	-1,2%
Tekjur alls	79.213.265	78.875.960	337.305	0,4%
Gjöld:				
Launagjöld	57.605.478	55.335.191	(2.270.288)	-4,1%
Rekstrargjöld ¹⁾	19.059.700	18.533.786	(525.914)	-2,8%
S-merkt lyf, dag og göngudeildir	3.796.100	3.847.933	51.833	1,3%
Samtals	80.461.279	77.716.910	(2.744.369)	-3,5%
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	1.161.155	1.159.050	(2.106)	-0,2%
Gjöld alls	81.622.435	78.875.960	(2.746.475)	-3,5%
Tekjuafgangur / (Tekjuhalli) án fjármagnsliða	(2.409.170)	0	(2.409.170)	
Fjármunatekjur	70.138	44.360	25.778	58,1%
Fjármagnsgjöld	41.805	44.360	2.555	5,8%
Tekjuafgangur / (Tekjuhalli) tímabils	(2.380.837)	0	(2.380.837)	

Í hlutfalli af tekjum alls **-3,0%** Fjárhæðir í þús. kr.


1) Innri viðskipti á LSH eru ekki meðtalin í rekstrargjöldum né rekstrartekjum. Í þessu skjali eru s-merkt lyf, fjármagnsliðir og afskriftir aðgreint frá öðrum rekstrartekjum/gjöldum og eru í sér línur.

Launagjöld 2019
í m.kr.




Rekstrargjöld önnur en laun

Í milljónum króna án S-lyfja á föstu verðlagi 2019



Rekstrartekjur

Í milljónum króna án S-lyfja á föstu verðlagi 2019




Hækkaðar rekstrartekjur og rekstrargjöld á árunum 2015 og 2016 eru m.a. vegna breytinga á afgreiðslufyrirkomulagi S-merktra lyfja.

Rekstur sviða

Árið 2019	Samtals				Rekstrartekjur				Launagjöld				Önnur rekstrargjöld			
	2019	Áætlun	Mismunur	Frávik %	2019	Áætlun	Mismunur	Frávik%	2019	Áætlun	Mismunur	Frávik%	2019	Áætlun	Mismunur	Frávik%
Skrifstofa Landspítala	3.263,3	3.264,3	1,0	0,0%	123,0	97,3	(25,7)	-26,4%	2.828,8	2.811,2	(17,6)	-0,6%	557,5	550,4	(7,2)	-1,3%
Meðferðarsvið	22.314,9	21.402,0	(913,0)	-4,3%	1.100,2	1.042,3	(57,9)	-5,6%	20.663,9	19.813,8	(850,1)	-4,3%	2.751,2	2.630,4	(120,8)	-4,6%
Aðgerðasvið	28.641,2	26.999,6	(1.641,5)	-6,1%	728,2	752,4	24,3	3,2%	22.967,4	22.005,1	(962,3)	-4,4%	6.401,9	5.747,0	(654,9)	-11,4%
Þjónustusvið	15.406,6	14.789,2	(617,4)	-4,2%	10.952,2	10.693,2	(259,0)	-2,4%	10.222,5	10.008,4	(214,1)	-2,1%	16.136,3	15.474,0	(662,3)	-4,3%
Utan sviða	(889,4)	(99,3)	790,1	-	24,1	(21,3)	(45,4)	-	922,9	696,7	(226,2)	-	(1.788,2)	(817,3)	970,9	-
Samtals	68.736,7	66.355,9	(2.380,8)	-3,6%	12.927,5	12.563,9	(363,7)	-2,9%	57.605,5	55.335,2	(2.270,3)	-4,1%	24.058,8	23.584,5	(474,2)	-2,0%

Fjárhæðir í millj. króna



Framlag ríkis til Landspítala 1999-2019

Ár	Framlag til Lsp sem hlutfall af útgjöldum ríkisins til heilbrigðismála ¹⁾²⁾	Framlag til Lsp sem hlutfall af heildarútgjöldum ríkisins ¹⁾	Framlag til Lsp sem hlutfall af VLF ³⁾
1999	34,39%	8,76%	2,73%
2000	35,10%	8,64%	2,65%
2001	34,73%	8,38%	2,60%
2002	34,68%	9,06%	2,84%
2003	34,63%	8,91%	2,92%
2004	35,36%	9,07%	2,82%
2005	33,17%	8,51%	2,59%
2006	32,50%	8,30%	2,45%
2007	32,68%	8,13%	2,42%
2008	31,63%	5,41% ⁴⁾	2,31%
2009	26,44% ³⁾	5,86% ³⁾	2,08% ³⁾
2010	26,75%	5,33%	1,98%
2011	27,42%	5,82%	1,97%
2012	29,03%	6,41%	2,10%
2013	27,43%	6,34%	2,00%
2014	28,47%	6,50%	2,10%
2015	28,90%	6,88%	2,10%
2016	27,72%	6,21% ⁴⁾	2,11%
2017	28,54%	7,35%	2,23%
2018	28,22%	7,57%	2,32%
2019			2,27%

Heimild: Fjárlög og Hagstofa.is

- 1) Framlag ríkis til Lsp. er skv. fjárlögum og fjárukalögum. Heildarútgjöld ríkis eru skv. upplýsingum um fjármál hins opinbera á vef Hagstofu Íslands.
- 2) Við flokkun ríkisútgjalda í málaflokka er hluti (3,5%) af útgjöldum til Lsp flokkaður undir menntamál. Hér er heildarframlag til LSH reiknað sem hlutfall af útgjöldum til heilbrigðismála. Gögn ná ekki lengra en til ársins 2018.
- 3) Í fjárlögum 2009 var fjárveiting vegna kostnaðar og umsýslu S-merktra lyfja sem ávísað er á dag- og göngudeildum flutt á annan ríkisaðila. S-merkt lyf eru þau lyf sem eru eingöngu til sjúkráhusnota.
- 4) Yfirtaka á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands árið 2008 og gjaldfærð fjármagnstífærsla á árinu 2016 hækka heildarútgjöld ríkisins þau ár og skykkir samanburð.

Fimm ára tölfræðilegt yfirlit

Fimm ára tölfræðilegt yfirlit ¹⁾

Five years statistical overview ¹⁾

Fem års statistisk oversigt ¹⁾

	2019	2018	2017	2016	2015		
Þróun mannfjölda á höfuðborgarsvæðinu ²⁾						Population development in the capital area ²⁾	Udvikling af befolkningen i hovedstadsområdet ²⁾
Íbúafjöldi	228.231	222.486	216.878	213.619	211.282	Number of inhabitants	Befolkning
Fjölgun íbúa	2,6%	2,6%	1,5%	1,1%	1,2%	Annual increase	Árleg vækst
Fjöldi einstaklinga 70 ára og eldri	21.289	20.467	19.748	19.183	18.582	Number of inhabitants age 70 years and older	Antal beboere 70 år og ældre
Hlutfall einstaklinga 70 ára og eldri	9,3%	9,2%	9,1%	9,0%	8,8%	Proportion of inhabitants age 70 years and older	Procent beboere 70 år og ældre
Fjöldi einstaklinga 80 ára og eldri	7.842	7.799	7.768	7.684	7.584	Number of inhabitants age 80 years and older	Antal beboere 80 år og ældre
Hlutfall einstaklinga 80 ára og eldri	3,4%	3,5%	3,6%	3,6%	3,6%	Proportion of inhabitants age 80 years and older	Procent beboere 80 år og ældre
Lykiltölur LSH ³⁾						Key operational statistics ³⁾	Nøgletal for hospitalet ³⁾
Rekstrarkostnaður alls uppreikn. á verðlagi ársins 2019 ⁴⁾	76.665.179	73.295.594	69.973.492	66.371.282	65.104.403	Total operational costs (ISK) ⁴⁾	Samlede udgifter (ISK) ⁴⁾
Launakostnaður	75%	76%	76%	77%	79%	Salaries	Udgifter til personale
Fjöldi einstaklinga sem leituðu til LSH	111.605	111.082	110.731	110.246	106.912	Number of individuals receiving hospital care	Antal personer som fik tjeneste fra hospitalet
Slysa- og bráðabjónusta - fjöldi koma	94.652	103.146	106.417	104.175	101.066	Emergency units, visits	Skadestue, antal besøg
Fjöldi koma á göngudeildir	252.642	236.728	245.239	241.283	226.488	Outpatient units, visits	Ambulante besøg
Fjöldi koma á dagdeildir ¹⁾	88.337	86.364	88.885	84.072	75.088	Dayward units, visits ¹⁾	Dagpatienter, antal besøg ¹⁾
Fjöldi lega/innlagna ¹⁾	25.452	25.185	26.759	26.252	25.227	Admissions ¹⁾	Antal indlæggelser ¹⁾
Fjöldi legudaga á legudeildum ¹⁾	219.227	220.050	224.676	228.739	224.117	Patient days ¹⁾	Antal sengedage ¹⁾
Fjöldi „legudaga“ á BMT (komur lengri en 24 klst.)	8.474	6.643	4.772	4.413	3.271	Patient days in ER (stays longer than 24 h)	Sengedage på skadestue (indlæggelser længere end 24 t)
Hlutfall sjúklingadaga í hjúkrunarþyngdarflokkum IV og V ⁵⁾	29,9%	26,2%	22,7%	22,2%	19,0%	Proportion of patientdays in acuity groups IV and V	Andel patientdage i plejetyngdegrupper IV og V
Meðallegutími (dagar), legur 30 dagar eða skemur	4,7	4,8	4,9	5,1	5,2	Average length of stay (30 days max LOS)	Gennemsnitlig liggetid (30 dager)
Meðallegutími að viðbættum langlegum	8,9	8,6	8,7	8,8	8,9	Average length of stay, total	Gennemsnitlig liggetid, alle patienter
Hlutfall bráðra endurinnlagna innan 30 daga	11%	12%	12%	11%	12%	Readmissions within 30 days	Andel akutte genindlæggelser inden 30 dage
Meðal DRG vigt legudeildasjúklinga ⁶⁾	1,11	1,1	1,13	1,12	1,11	DRG casemix index, inpatients ⁵⁾	Gennemsnitlig DRG-vægt af indlagte patienter ⁵⁾
Fjöldi DRG eininga ⁶⁾	43.272	42.174	44.727	43.565	41.152	Total DRG units ⁵⁾	Samlede DRG enheder ⁵⁾
Fjöldi rúma í árslok	627	631	669	687	667	Hospital beds	Antal senge
Skurðaðgerðir ¹⁾	21.035	20.649	21.732	20.945	17.712	Surgical procedures, thereof	Kirurgiske behandlinger, deraf
Hlutfall dagdeildaraðgerða	66%	66%	66%	65%	63%	same day surgery	dagskirurgi
Fæðingar	3.207	3.088	2.987	2.939	3.037	Number of births	Antal fødsler
Rannsóknir á rannsóknarsviði þar af myndgreiningar	2.638.543	2.530.695	2.433.457	2.266.755	1.906.030	Diagnostic procedures, thereof	Diagnostiske undersøgelser, deraf
	142.395	134.262	132.632	127.913	113.072	diagnostic imaging	antal radiologiske undersøgelser
Greidd stöðugildi/ársverk, meðaltal á mánuði	4.362	4.221	4.073	3.962	3.739	Staffing, full time equivalents	Antal ansatte/ársverk
Fjöldi starfsmanna í upphafi árs	5.941	5.667	5.494	5.131	5.019	Number of employees	Antal ansatte personer ⁶⁾
Starfsmannavelta (%)	14,3%	16,0%	15,1%	13,6%	13,4%	Staff turnover	Personale omsætning

1) Árið 2015 var mikið um verkföll hjá heilbrigðisstarfsmönnum sem dró verulega úr starfsemi á verkfallstíma. Figures in 2015 are affected by strikes. Tallene i 2015 er þávirket af strejker.

2) Gögn frá Hagstofu Íslands. Data from Statistics Iceland. Data fra Islands Statistik.

3) Tölur úr ársskýrslum LSH. Data from hospital annual reports. Data fra hospitalets årsberetning.

4) Krónutölur í þúsundum, á verðlagi ársins 2019 (skv. vísitölum Hagstofu Íslands), án fjármagnsliða. Árin 2015 til 2016 eru tölur án viðhalds en frá og með 2017 án afskrifta varanlegra rekstrarfjármuna. Numbers in thousands (ISK), at fixed price level for the year 2019. Tal i tusind (ISK), ved fast pris for året 2019.

5) Sjúklingar af 15 legudeildum Iy- og skurðlækninga flokkaðir í hjúkrunarþyngdarflokkka frá I upp í V, þar sem V er þyngsti flokkurinn. Inpatients in 15 wards grouped in acuity groups I through V, where V is highest acuity. Patienter fra 15 afdelinger indplaceret i plejetyngdegrupper I til V, hvor V er patienter med behov for intensiv pleje.

6) Staðlaðar vigtir 2018, ófrágengið uppreiknað. Án nýbura, hæfingar, sjúkrahóts og biðsjúklinga á öldrunardeild. Total DRG units based on 2018 DRG weights. Without newborns, habilitation and patient hotel. Samlede DRG enheder baseres på 2018 DRG vægt. Uden nyfødte, habilitering og patienthotel.

	2019	2018	2017	2016	2015	
Average exchange rate USD to ISK	122,65	108,38	106,78	120,67	131,85	Gennemsnitlig valutakurs USD til ISK
Average exchange rate EUR to ISK	137,30	127,73	120,54	133,59	146,30	Gennemsnitlig valutakurs EUR til ISK

Uppfært/Updated/Opdateret jún/Jun/jun 2020